

Ársfundur Birtu lífeyrissjóðs var haldinn þriðjudaginn 22. apríl 2025 á Grand hóteli, Sigtúni 28, 105 Reykjavík. Fundurinn hófst klukkan 17:00

Hrönn Jónsdóttir stjórnarformaður Birtu setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hrönn gerði að tillögu sinni að Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og vinnumarkaðssviði Alþýðusambands Íslands, stjórn fundinum og var sú tillaga samþykkt. Karen gerði að tillögu að Kristján Geir Pétursson lögmaður Birtu yrði fundarritari og var það samþykkt.

Fundarstjóri gerði grein fyrir boðun fundarins sem skal vera í samræmi við gr. 6.1 í samþykktum Birtu. Í gr. 6.1 í samþykktum segir

Stjórn skal boða til fundar með skriflegu fundarboði til aðildarfélaga með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Þá skal stjórn sjóðsins boða til ársfundar með auglýsingu í a.m.k. einu dagblaði og útvarpi sem hafa dreifingu á landsvísi með a.m.k. sjö daga fyrirvara.

Samkvæmt þeim gögnum sem fundarstjóri hefur undir höndum þá er ljóst að til ársfundarins hefur verið boðað með lögmeðum hætti skv. 6. kafla samþykktanna.

1. Ársfundurinn hefur verið auglýstur á heimasíðu Birtu.
2. Fundurinn var boðaður með bréfi til aðildarfélaga og aðildarfyrirtækja 24. mars 2025.
3. Birt var fundarauglýsing í Morgunblaðinu 22. og 25. mars og í Viðskiptablaðinu 15. apríl.
4. Þá var fundurinn auglýstur í Ríkisútvarpinu 15. apríl 2025.
5. Minnt hefur verið á fundinn með tölvupóstsendingum og úthringingum eftir því sem við á.

Fundarstjóra hefur borist staðfesting á því að 33 fulltrúar eru mættir á fundinn.

Dagskrá fundarins er skv. gr. 6.5. í samþykktum sem hér segir:

- 6.5.1 Skýrsla stjórnar um starfsemi sjóðsins á liðnu starfsári, sbr. 41. gr. laga nr.129/1997
- 6.5.2 Kynning og afgreiðsla ársreiknings
- 6.5.3 Gerð grein fyrir tryggingafræðilegri athugun, sbr. 24. gr. laga nr.129/1997
- 6.5.4 Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu sjóðsins
- 6.5.5 Gerð grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins
- 6.5.6 Starfskjarastefna sjóðsins
- 6.5.7 Laun stjórnarmanna og nefnda á vegum sjóðsins
- 6.5.8 Gerð grein fyrir stjórnarkjöri, samkvæmt grein 5.1
- 6.5.9 Kjör endurskoðanda
- 6.5.10 Skipan endurskoðunarnefndar
- 6.5.11 Kjör nefndar um laun stjórnarmanna, á ekki við að þessu sinni, nefndin skipuð til 3 ára í senn
- 6.5.12 Tillögur til breytinga á samþykktum, þegar slíkar tillögur liggja fyrir en engar tillögur liggja fyrir að þessu sinni
- 6.5.13 Önnur mál. Tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, þurfa að berast stjórn sjóðsins eigi síðar en viku fyrir ársfund. Engar slíkar tillögur liggja fyrir fundinum að þessu sinni.

Fundarstjóri vakti athygli á því að fundinum er streymt á vef Birtu lífeyrissjóðs og bað þá sem taka þátt í fundarstörfum á þann hátt einnig velkomna.

Fundarstjóri leggur til að liðir 1, 2 og 3 verði teknir fyrir hver á eftir öðrum og orðið gefið laust eftir framsögu um alla dagskrárliðina þar sem skýrsla stjórnar og tryggingafræðileg athugun er hluti af ársreikningi sjóðsins. Engar athugasemdir komu fram um þessa tillögu og gefur fundarstjóri Hrönn Jónsdóttir stjórnarformanni Birtu orðið.

1. liður dagskrár – Skýrsla stjórnar

Skýrsla stjórnar, Hrönn Jónsdóttir

Hrönn fór yfir skýrslu stjórnar. Fram kom m.a. í máli Hrannar að rekstrarárið 2024 hefði verið sjóðnum farsælt. Raunávöxtun eigna sjóðsins var 6,29%, fimm ára meðalraunávöxtun liðlega 3% og tíu ára meðalávöxtun um 4%. Hreinar fjárfestingartekjur ársins 2024 voru liðlega 72 makr. samanborið við 53,4 makr. árið 2023.

Hrönn sagði sjóðinn fylgja fjárfestingarstefnu sem væri í senn varfærin og hógvær. Sjóðurinn hafi skilað vel viðunandi ávöxtun á síðasta ári.

Hrönn ræddi rekstraröryggi sjóðsins og í því sambandi mannauð sjóðsins, starfsmannavelta væri tiltölulega lítil og ljóst að reynsla og langur starfsaldur væri sjóðnum dýrmætt.

Þá ræddi hún blikur á lofti í heimsmálum, sbr. stríðsátök í Evrópu, tollastríð og fleira og að ljóst væri að sjóðurinn, líkt og aðrir fjárfestar, færi ekki varhluta af þeirri þróun.

Hrönn gerði að umtalsefni fundarannir stjórnar, en ársfundur samþykkt á síðasta ári heimild til handa stjórn að fjölga stjórnarfundnum (aukafundum) – og orðu þeir alls 8 á síðasta ári.

Þá ræddi hún áhuga á innviðafjárfestingum, án þess þó að til væru margar sögur af slíkum verkefnum hér á landi. Sagði hún ljóst að sumar fjárfestingar af því tagi hentuðu lífeyrissjóðum en aðrar síður og vísaði þar í áhuga stjórnmalamanna á aðkomu lífeyrissjóða að hinum ýmsum innviðaverkefnum. Ljóst væri þó að slíkar fjárfestingar þyrftu í öllu falli að standa undir ávöxtunarkröfu lífeyrissjóða svo tryggja megi viðunandi lífeyrisgreiðslur til sjóðsfélaga.

Hrönn ræddi starfsemi fulltrúaráða sjóðsins, fulltrúaráð launamanna er mjög virkt í sínum störfum. Fulltrúaráð væru mikilvægur vettvangur til að skiptast á skoðunum um starfsemi sjóðsins og fjárfestingar og veita stjórn og stjórnendum aðhald.

Hrönn sagði eftir því tekið að konur væru nú áberandi í mörgum valdastöðum í samfélaginu. Birta lífeyrissjóður hefði ekki látið sitt eftir liggja og þannig væri bæði staða formanns og varaformanns stjórnar skipaðar konum.

Hrönn þakkaði að endingu stjórnarmönnum og starfsfólki fyrir gott samstarf á liðnu ári og sjóðsfélögum fyrir samfylgdina.

2. liður dagskrár – Kynning og afgreiðsla ársreiknings

Fundarstjóri þakkar Hrönn fyrir og nú mun Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri kynna ársreikning sjóðsins.

Ólafur Sigurðsson gerði grein fyrir ársreikningi sjóðsins.

Ólafur sagði að löng hefð væri fyrir því að ekki væri farið yfir reikninginn lið fyrir lið á ársfundi og vísaði til þess að hann lægi frammi á starfsstöð sjóðsins auk þess sem hann væri aðgengilegur á heimasíðu. Reikningurinn er með áritun endurskoðanda án fyrirvara og hefur stjórn og endurskoðunarnefnd sjóðsins fjallað ítarlega um hann.

Samþætt reikningsskil saman standa af ársreikningi, ársskýrslu og upplýsingum á heimasíðu sjóðsins.

Ólafur rakti í erindi sínu að sjóðurinn hefði sett sér viðmið um hvað telst góður árangur í starfseminni og fór því næst yfir mælikvarða árangursmatsins.

Í erindi Ólafs kom m.a. fram að virkir sjóðfélagar Birtu eru nú rétt tæplega 21 þúsund og hrein eign Birtu 696 milljarðar króna. Fram kom að sjóðfélagalánum hefur tekið að fjölga á nýjan leik eftir kólnun á fasteignamarkaði síðustu ár. Sem fyrr væri Birta leiðandi í lágum vöxtum.

Ólafur ræddi viðhorfskönnun sem Brandr vann fyrir sjóðinn. Könnunin var framkvæmd meðal sjóðfélaga Birtu í júní 2024 og voru þátttakendur á aldursbilinu 18-75 ára. Alls tóku 371 þátt í könnuninni. Könnunin leiðir í ljós að viðhorf sjóðfélaga til vörumerkisins „Birta“ skorar hærra en vörumerki að jafnaði í lífeyrissjóðakerfinu. Sama má segja um viðhorf sjóðfélaga Birtu til áreiðanleika, góðrar þjónustu og vöruframboðs, borið saman við aðra lífeyrissjóði.

Í erindi Ólafs kom fram að lífeyrispegum hefði á árinu 2024 fjölgað um 5,7%, en þeir voru 18.767 í árslok. Er þetta til marks um það að sjóðurinn er að þroskast eftir því sem sjóðfélagar eldast. Þannig var lífeyrisbyrði sjóðsins, þ.e. lífeyrisgreiðslur í hlutfalli af iðgjaldagreiðslum, 95,3% á árinu 2024 borið saman við 84,8% árið á undan. Meðalaldur við upphaf tóku eftirlaunalífeyris sl. 5 ára er 65,6 ár.

Ólafur gerði að umtalsefni kostnað við rekstur sjóðsins og hagræði í rekstri. Kostnaðarviðmið, þ.e. hlutfall milli launavísitölu Hagstofu Íslands og neysluverðsvísitölu hefur hækkað um 64% frá því Birta varð til 2016. Þannig hefur rekstrarkostnaður Birtu hækkað úr 690 mkr. árið 2016 í 1.013 mkr. á síðasta ári og nemur hækkunin 47%. Uppsafnað rekstrarhagræði skv. framansögðu er því 16,8% sem jafngildir um 2,1% árlegu hagræði.

Ólafur vék sömuleiðis að framleiðniaukningu sjóðsins, m.a. fyrir tilstilli stafrænna lausna og tók dæmi af útgáfu skuldleysisvottorða og breyttu sjálfvirku verklagi sem hefur leitt til 2,1% framleiðniaukningar á ársgrunni.

Ólafur ræddi því næst samsetningu eigna sjóðsins, en um 80% eigna eru í fjárfestingum sem skráðar eru á markaði. Verðbreytingar á mörkuðum leiða eðli málsins samkvæmt til verðbreytinga á eignamörkuðum, sjóðurinn sé ágætlega varinn fyrir slæmum mánuðum á kostnað þeirra góðu.

Ólafur ræddi upplýsingagjöf um samfélagslega ábyrgð. Ein af áherslum Birtu til framtíðar er að styðja við loftslagsmarkmið Íslands um kolefnishlutleysi árið 2024. Fjármögnuð losun sjóðsins hefur aukist á milli ára eftir því sem sjóðurinn hefur fengið nákvæmari tölur um losun úr eignasafninu. Eftir því sem gagnaöflun verður nákvæmari verður hægt að birta breytingar á milli ára og setja í samhengi við metnaðarfull markmið um kolefnishlutleysi.

Ólafur lauk sinni yfirferð og þakkaði fyrir.

3. liður dagskrár – Tryggingafræðileg athugun

Fundarstjóri þakkar Ólafi fyrir og býður Bjarna Guðmundsson tryggingastærðfræðing sjóðsins í pontu til að gera grein fyrir úttekt sinni.

Bjarni fór yfir tryggingafræðilega úttekt.

Forsendur útreikninga hafa lítilla breyst frá fyrra ári, þ.e. hlutfall þeirra sem láta eftir sig maka við fráfall og fjöldi barna á framfæri, en hvort tveggja byggir nú á upplýsingum frá 2019-2023.

Þá hafa forsendur um örorku breyst og þannig hefur örorka lækkað m 15% hjá körlum m.v. uppfærðar forsendur en breytingin er minni hjá konum.

Bjarni ræddi áfallna stöðu og framtíðarréttindi. Áfallin staða er neikvæð um 8,1% en framtíðarréttindi jákvæð um 3,1% sem leiðir til þess að heildarstaða sjóðsins er neikvæð um -4,72% og hefur batnað um 0,2% frá árinu á undan.

Bjarni ræddi í þessu samhengi ákvæði lífeyrissjóðalaga um vikmörk á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóða. Ákvæði laganna legðu engar kvaðir á sjóðinn um sérstakar aðgerðir, enda væri staða sjóðsins innan þeirra marka sem kveða á um sérstakar aðgerðir.

Bjarni áréttaði að hlutverk sjóðsins væri að greiða út lífeyri í samræmi við samþykktir sínar. Halli á skuldbindingum væri ekki áhyggjuefni svo fremi sem sjóðurinn ynni á hallanum yfir tíma.

Bjarni lauk yfirferð sinni og þakkaði fyrir.

Fundarstjóri þakkaði Bjarna fyrir greinargóða og skýra yfirferð yfir stöðu sjóðsins

Nú hefur stjórnarformaður, framkvæmdastjóri og tryggingastærðfræðingur gert grein fyrir skýrslu stjórnar, ársreikningi ásamt tryggingafræðilegri athugun og orðið er laust.

Þorbjörn Guðmundsson kom í pontu. Þorbjörn minnti á að þegar sjóðurinn varð til við sameiningu tveggja lífeyrissjóða hafi ákveðin markmið verið sett og taldi Þorbjörn að vel hafi tekist til með sameininguna. Menn hafi að sama skapi gert sér vonir um að halli sjóðsins myndi minnka yfir tíma, en það hefði ekki gengið eftir og spurning hvort tímabært væri að huga að því að jafna hallann út.

Þá gerði Þorbjörn að umtalsefni upplýsingar úr rekstri sjóðsins sem m.a. voru birtar í Mbl. Mikilvægt væri að þessar upplýsingar væru birtar sem víðast í aðdraganda ársfundar þar sem sjóðfélagar hefðu í fæstum tilvikum tök á að lesa yfir ársreikning sjóðsins.

Þá vísaði Þorbjörn til ræðu formanns um innviðafjárfestingar og ræddi í því sambandi svipaða umræðu sem var í gangi á árunum eftir bankahrún. Á þeim tíma hafi verið rætt um aðkomu lífeyrissjóða að ýmsum innviðafjárfestingum, m.a. tvöföldun Helliðar en rétt eins og nú hefði útgangspunkturinn ávallt verið sá að lífeyrissjóðir færu ekki í slíkar fjárfestingar nema þær skiluðu góðum arði. Skiptar skoðanir hafi þó verið á málinu á sínum tíma og um aðkomu lífeyrissjóða að slíkum verkefnum yfirhöfuð.

Þorbjörn spurði því næst framkvæmdastjóra út í viljayfirlýsingu Alþýðusambandsins og Reykjavíkurborgar um innviðauppbýggingu og um aðkomu og afstöðu lífeyrissjóða til slíkra verkefna.

Ólafur Sigurðsson svarar:

Ólafur sagði að það ætti eftir að koma í ljós hvort pólitískur vilji væri fyrir hendi til að fara í innviðafjárfestingar með fjármagni frá lífeyrissjóðum. Sjálfur hefði hann setið í spretthópi um innviðafjárfestingar þar sem útgangspunkturinn væri sá að stofnaðir yrðu sjóðir utan um verkefni í armslengd frá lífeyrissjóðum og stjórnmálamönnum.

Georg Páll Skúlason kvað sér hljóðs. Hann tók undir orð Þorbjörns um að sameining sjóðanna hefði gengið vel á sínum tíma og það hefði ekki verið sjálfgefið. Þá hrósaði hann stjórn sjóðsins fyrir vel unnin störf líkt og umfjöllun um stjórnháttamat í ársskýrslu bæri vitni um.

Guðjón Viðar hrósaði starfsfólki sjóðsins fyrir góða þjónustu.

Hann velti einnig uppi kostnaðarliðum á borð við upplýsingatæknikostnaði og kostnaði vegna tryggingafræðilegra útreikninga.

Ólafur Sigursson svarar:

Ólafur sagði skýringuna á auknum kostnaði vegna vinnu tryggingafræðings tilkomna vegna vinnu danskra tryggingafræðinga á vegum KPMG fyrir sjóðinn. Samkvæmt ákvörðun stjórnar hefði verið óskað eftir yfirmati á störf Bjarna Guðmundssonar og því hefði verið leitað út fyrir landsteinana eftir sérfræðingum til að fara yfir mat hans. Sú vinna hefði verið dýr og miklu til kostað, s.s. vegna þýðinga á stofnskjöllum sjóðsins, o.s.frv. Vinna erlendu tryggingafræðinganna hefði staðfest réttmæti úttektar Bjarna.

Aðrir kostnaðarliðir, þ.m.t. upplýsingatæknikostnaður, vinna innri og ytri endurskoðenda, o.s.frv. væri liður í að taka út starfsemi sjóðsins, veita stjórn og stjórnendum aðhald í störfum sínum og liður í að auka ásynd og traust til sjóðsins og í samræmi við þær lagaskyldur sem lagðar væru á sjóðinn í gegnum ýmiss konar regluverk sem gildir um starfsemi lífeyrissjóða.

Ekki tóku fleiri til máls undir þessum lið.

Ársreikningurinn er borin upp til samþykktar. Samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

4. liður dagskrár – Fjárfestingarstefna sjóðsins

Fundarstjóri býður Soffíu Gunnarsdóttur, forstöðumann eignastýringarsviðs í pontu til að gera grein fyrir fjárfestingarstefnunni.

Soffía fór yfir stöðu eignasafns sjóðsins eins og hún stóð í árslok 2024, þ.e. ávöxtun og skiptingu eignasafnsins í samtryggingu, séreign og tilgreinda séreign. Enn fremur fór hún yfir fjárfestingarstefnu og ábyrgar fjárfestingar og leiðina að kolefnishlutleysi.

Soffía fór yfir hlutfallslega skiptingu eignasafnsins, ávöxtun í einstökum eignaflokkum og samanburð á milli ára.

Fram kom m.a. að fasteignaveðtryggð skuldabréf í eignasafni sjóðsins hafa hækkað um 20 makr. á milli ára.

Þá kom fram að innlend og erlend hlutabréf hafi borið uppi vöxt sjóðsins á síðasta ári, eða um 65% af ávöxtun sjóðsins.

Soffía fór sömuleiðis yfir séreign og tilgreinda séreign, fjárfestingarstefnu og ávöxtun mismunandi leiða.

Soffía lýkur yfirferð sinni og þakkar fyrir.

Fundarstjóri þakkar Soffíu fyrir og gefur orðið laust.

Þorgils spurði út í Blávarma. Þá vildi hann ræða stöðu Pálmars Óla, fyrrverandi stjórnarformanns lífeyrissjóðsins, hæfi hans og tengsl við Samskip sem var undir rannsókn Samkeppniseftirlitsins og hvort sjóðurinn hefði aðhafst eitthvað til að tryggja að sú staða kæmi ekki upp aftur að einstaklingur undir sakamálarannsókn sæti í stjórn sjóðsins.

Soffía svarar:

Soffía sagði Blávarma vera eignarhaldsfélag utan um sameiginlega fjárfestingu 14 lífeyrissjóða í Bláa lóninu, félagið var stofnað 2019 en leyst upp í desember 2024. Lífeyrissjóðir, þ.m.t. Birta Isj. eigi nú beinan eignarhlut í Bláa lóninu í stað Blávarma.

Hrönn Jónsdóttir svarar varðandi stöðu Pálmars Óla:

Hrönn sagði stjórn hafa farið ítarlega yfir málið á sínum tíma. Þó svo Pálmar Óli hefði haft réttarastöðu sakbornings á meðan á rannsókn málsins stóð hefði hann verið hæfur til að gegna stjórnarstöðu við sjóðinn í skilningi laga. Stjórn hefði engar heimildir til að hlutast um setu einstakra stjórnarmanna meðan þeir væru hæfir samkvæmt lögum til að gegna stjórnarsetu. Rannsókn Samkeppniseftirlitsins á hendur Samskipum hefði síðan verið felld niður.

Guðjón Viðar spurði út í laun forstöðumanns eignastýringar vegna Blávarma.

Soffía svarar:

Soffía sagðist hafa þegið laun fyrir störf sín fyrir Blávarma, sem hefðu að mestu verið unnin utan hefðbundins vinnutíma.

Ekki tóku fleiri til máls undir þessum lið.

5. liður dagskrár – Hluthafastefna/eigendastefna sjóðsins

Samkvæmt gr. 6.5.5 í samþykktum Birtu skal gera grein fyrir hluthafastefnu sjóðsins á ársfundi. Stjórn sjóðsins setur sjóðnum hluthafastefnu og er ekki gert ráð fyrir að hún sé borin undir atkvæði ársfundar.

Hluthafastefnan var síðast endurskoðuð og staðfest á stjórnarfundi Birtu 17. apríl sl. Hluthafastefnan eða „Eigendastefna Birtu“ eins og hún nefnist er aðgengileg á heimasíðu Birtu.

6. liður dagskrár – Starfskjarastefna sjóðsins

Samkvæmt gr. 5.9. í samþykktum Birtu skal stjórn setja sjóðnum starfskjarastefnu varðandi starfskjör stjórnenda sem lögð skal fram til samþykktar á ársfundi og birt í ársskýrslu og á vef sjóðsins.

Starfskjarastefnan var afgreidd óbreytt á milli ára á fundi stjórnar þann 20. mars sl.

Starfskjarastefnan er aðgengileg á vef sjóðsins ásamt öðrum fundargögnum.

Þó starfskjarastefnan sé óbreytt milli ára þarf að bera hana upp til atkvæðagreiðslu skv. samþykktum sjóðsins.

Starfskjarastefnan er borin upp til samþykktar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. liður dagskrár – Laun stjórnarmanna og nefnda á vegum sjóðsins

Góðir fundarmenn, samkvæmt gr. 6.6 í samþykktum fjallar sérstök nefnd um laun stjórnarmanna og leggur fram tillögur að launum fyrir ársfund. Launanefnd kemur með tillögu að stjórnarlaunum og kynnir hana stjórn og leggur fyrir ársfund til samþykktar.

Kristján Þórður formaður nefndarinnar kemur í pontu og gerir grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar.

Nefndin er skipuð þeim Jóhanni Rúnari Sigurðssyni og Kristjáni Þórði Snæbjarnarsyni af hálfu launamanna og Jóni Sigurðssyni og Báru Mjöll Ágústsdóttur af hálfu atvinnurekenda.

Kristján greindir frá því að launanefnd hefði komið saman í janúar og rýnt starfskjör stjórnarmanna.

Þá hefði nefndin sérstaklega rýnt þá breytingu sem ársfundur gerði í fyrra og laut að fjölda funda sem greiða mætti fyrir. Vel virðist hafa tekist til og reynsla af breyttu fyrirkomulagi verið góð.

Þá fór Kristján yfir breytt verklag frá í fyrra þegar nefndin tók mið af kjarasamningsbundnum hækkunum launa í stað þróunar launavísitölu við ákvörðun starfskjara stjórnarmanna.

Tillaga nefndarinnar sem hún hefur kynnt stjórn er að laun stjórnarmanna skuli hækka um 3,50%.

Laun formanns eru tvöföld laun aðalmanns. Laun varaformanns eru ein og hálf laun aðalmanns.

- Aðalmenn stjórnar: kr. 150.678,-, var áður kr. 145.583,-
- Formaður stjórnar: kr. 301.356,- var áður kr. 291.166,-
- Varaformaður stjórnar: kr. 226.017,-, var áður kr. 218.375,-
- Varamenn stjórnar: kr. 33.662,-, var áður kr. 32.524,-. Mánaðarleg greiðsla en full laun aðalmanns þann mánuð sem setinn er fundur

Jafnframt leggur launanefnd til eftirfarandi heimild:

Stjórn er heimilt að ákveða að greiða fyrir aukafundi stjórnar umfram reglulega stjórnarfundi samkvæmt starfsáætlun. Heimildin nær til alls að sjö fundum og nema greiðslur hálfum mánaðarlaunum stjórnarmanna. Reglulegir fundir samkvæmt starfsáætlun eru ellefu á ári, einn í mánuði en ekki er fundað í júlí. Þá er árlega vinnu- og stefnumótunarfundur stjórnar sem er almennt rúmlega einn starfsdagur.

Engar athugasemdir eða spurningar komu fram um tillöguna.

Tillaga launanefndar er borin upp til samþykktar. Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. liður dagskrár – Stjórnarkjör, skv. gr. 5.1

Ný stjórn Birtu lífeyrissjóðs er kynnt en fulltrúar launamanna í stjórn voru kjörnir á kjörfundi Birtu sem fram fór þann 9. apríl sl. Á þeim fundi fengu Jakob Tryggvason og Bára Laxdal Halldórsdóttir umboð til tveggja ára og Garðar Garðarsson umboð til tveggja ára í varastjórn.

Fulltrúar samtaka atvinnulífsins voru skipaðir með skipunarbréfi dagsettu 18. mars sl. Þar sem SA tilnefndi Ólöfu Lindu Sverrisdóttur og Sigurð R. Ragnarsson til tveggja ára í stjórn sjóðsins og Guðbjörgu E. Guðmundsdóttur til tveggja ára í varastjórn

Eina breytingin á stjórn á milli ára er því sú að Snæfríður Einarsdóttir sagði sig úr stjórn á starfsárinu og Bára Laxdal Halldórsdóttir kom inn í hennar stað.

Réttkjörnir stjórnarmenn Birtu lífeyrissjóðs eru eftirfarandi

Stjórnarmenn valdir af fulltrúum launafólks

Aðalmenn (Fulltrúar launamanna):

Hafliði Kristjánsson, til 2026

Hrönn Jónsdóttir, til 2026

Jakob Tryggvason, til 2027

Bára Laxdal Halldórsdóttir, til 2027

Varamenn:

Garðar Garðarsson, til 2027

~~Bára Laxdal Halldórsdóttir, til 2026~~

Þar sem Bára er sjálfkjörin sem aðalmaður, fellur sjálfkrafa niður umboð hennar sem varamaður.

Stjórnarmenn skipaðir af samtökum atvinnulífsins eru

Aðalmenn (Fulltrúar samtaka atvinnulífsins):

Þóra Eggertsdóttir, til 2026

Skúli Skúlason, til 2026

Sigurður R. Ragnarsson, til 2027

Ólöf Linda Sverrisdóttir, til 2027

Varamenn:

Bolli Árnason, til 2026

Guðbjörg E. Guðmundsdóttir, til 2027

Eru þetta rétt kjörnir fulltrúar í stjórn Birtu

9. liður dagskrár – Kjör endurskoðanda

Löggiltur endurskoðandi Birtu er Jóhann Óskar Haraldsson hjá Deloitte sem var kosinn á ársfundi 2024.

Stjórn leggur til að fenginni umsögn endurskoðunarnefndar að Jóhann Óskar Haraldsson, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte, verði kjörinn endurskoðandi Birtu.

Engar athugasemdir eða spurningar komu fram um tillöguna sem var borin upp til samþykktar

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum

10. liður dagskrár – Tilnefning fulltrúa í endurskoðunarnefnd

Samkvæmt ársreikningalögum starfar endurskoðunarnefnd við sjóðinn. Séu utanaðkomandi aðilar í nefndinni ber ársfundi, samkvæmt breytingum á lögum um ársreikninga sem tóku gildi 31. janúar í fyrra, að tilnefna þá í nefndina. Stjórn sjóðsins leggur til að eftirtaldir utanaðkomandi verði tilnefndir í nefndina:

- Vilhjálmur Egilsson, upphaflega skipaður starfsárið 2023-4
- Thomas Skov Jensen (upphaflega skipaður 2024-5)

Að auki hefur Jakob Tryggvason gegnt formennsku í nefndinni og Ólöf Linda Sverrisdóttur jafnframt úr stjórn, setið í nefndinni starfsárið 2024-5 en skv. ársreikningalögum og starfsreglum endurskoðunarnefndar tilnefnir stjórn einn fulltrúa í nefndina innan mánaðar frá ársfundi.

Orðið er gefið laust.

Guðjón Viðar spyr um stöðu Jakobs í endurskoðunarnefnd, hvort hann þiggi laun fyrir setu í stjórn sjóðsins og endurskoðunarnefnd.

Jakob svarar:

Jakob sagðist hafa unnið að ýmsum málum innan lífeyrissjóðakerfisins og hann hafi fengið umboð Miðstjórnar RSÍ til að sitja eitt kjörtímabil enn í stjórn sjóðsins. Hann fengi greidd laun, bæði fyrir stjórnarsetu og setu í endurskoðunarnefnd.

Hrönn Jónsdóttir svara:

Hrönn gat þess hvað endurskoðunarnefnd varðar að skipað er í nefndina á fyrsta stjórnarfundum eftir ársfund og ekki væri sjálfgefið að Jakob sæti sem fulltrúi stjórnar í nefndinni.

Tillaga um tilnefningu fulltrúa í endurskoðunarnefnd borin undir atkvæðagreiðslu og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

11. liður dagskrár – Tillögur til breytinga á samþykktum þegar síkar tillögur liggja fyrir

Engar tillögur til breytinga á samþykktum liggja fyrir að þessu sinni.

12. liður dagskrár – Önnur mál

Samkvæmt gr. 6.5 í samþykktum þurfa tillögur til ályktunar, sem taka á fyrir á ársfundi, að berast stjórn eigi síðar en viku fyrir ársfund. Engin tillaga barst að þessu sinni.

Þrátt fyrir að ekki séu önnur mál á dagskrá löglega fram borin er orðið hér laust ef einhver vill kveða sér hljóðs. Hér er vettvangur til að bera upp spurningar en ekki er tími fyrir langar ræður.

Guðjón Viðar spurði út í rekstur upplýsingakerfa og starfslokasamning áhættustjóra.

Ólafur Sigurðsson svarar:

Ólafur ræddi rekstur Jóakim í samhengi við rekstur upplýsingakerfa. Kerfið væri í eigu lífeyrissjóða. Þrátt fyrir allt væri um tiltölulega lágan kostnað að ræða, einkum í samhengi við rekstur upplýsingakerfa banka. Upplýsingakerfum væri ætlað að auka öryggi og einfalda ferla og jafnframt stemma stigu við auknum ráðningum.

Hvað starfslok áhættustjóra varðar sagði hann engan starfslokasamning hafa verið gerðan heldur samið um starfslok á grundvelli ráðningarsamnings.

Hrönn Jónsdóttir svarar:

Hrönn sagði enga starfslokasamninga gerða við starfsmenn sem ættu uppsagnarfrest samkvæmt ráðningarsamningi

Þá er komið að lokum ársfundarins og ekki hafa fleiri kveðið sér hljóðs og er mælendaskrá lokað.

Fundarstjóri þakkar fyrir og óskar eftir heimild til handa fundarstjóra og fundarritara til að ganga frá fundargerð síðar og birta hana síðan á vef Birtu.

Ég þakka sjóðfélögum og starfsfólki fundarins og segi ársfundi Birtu lífeyrissjóðs 2025 slitið, fundi er slitið klukkan 19:05.

Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir, fundarstjóri

Kristján Geir Pétursson, fundarritari

Undirritunarsíða

Undirritun fundarritara
Kristján Geir Pétursson

Undirritun fundarstjóra
Karen Ósk Nielsen Björnsdóttir